

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 35 14. janúar 1985 um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði og reglugerðar nr. 56 30. janúar 1985.

1. gr.

Frá og með 11. mars 1985 er fellt úr gildi bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði, sbr. reglugerð nr. 35 14. janúar 1985 og reglugerð nr. 56 30. janúar 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

20. mars 1985

Nr. 143

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

1. flokkur: Gjald kr. 1 330,00
handverkfæri, handvagnar, brýnsluvélar.
2. flokkur: Gjald kr. 2 650,00
jarðvinnslutæki, tengivagnar, hálfbelti og keðjur, sláttuvélar, snúningsvélar, múgavélar, færibönd, súgþurrkunarblásarar, rafgirðingar, garðsláttuvélar, drykkjarker.
3. flokkur: Gjald kr. 4 000,00
áburðardreifingar, taliur, dælur, sniglar, ámoksturs- og hleðslutæki, sláttutætarar, heyhleðsluvagnar, heybindivélar, heyflutningsblásarar, flokkurnarvélar, sáð- og plöntunarvélar, hitunartæki til þurrkunar.
4. flokkur: Gjald kr. 5 300,00
gröfuvélar, úðunartæki, upptökuvélar, heypurrkunarkerfi.
5. flokkur: Gjald kr. 6 500,00
traktorar, vélþurrkunartæki fyrir hey, kornþreskivélar.

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfalli.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 56. gr. laga nr. 64/1965 og öðlast gildi 1. apríl 1985.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. mars 1985.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.